

Fréttabréf AFLs

4. tbl. 2017

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Salurinn í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði var þéttsetinn á starfsdegi grunnskólanna nýverið. Af erindum dagsins á fundi AFLs má nefna fyrirlestra Sigurbjarnar Marinóssonar frá Skólaskrifstofu Austurlands um breytingar og áskoranir í skólastarfi og Kristborgar Bóelar Steindórsdóttur, blaðamanns hjá Austurglugganum, um staðarfrjómíðla og sjálfsmynd. Þá fengu gestir kynningar frá AFLi á sjúkrasjóði, orlofsjóði, Virk endurbæfingarsjóði og vinnustaðaeftirliti. Í lok dags var öllum gestum svo boðið til kvöldverðar.

Eru borgaralaun svo vitlaus hugmynd?

Borgaralaun – þ.e. að fá laun fyrir að gera ekki neitt – virðist í fljótu bragði arfavitlaus hugmynd. Þetta hefur þó verið reynt í einhverjum mæli erlendis en hugmyndin, miðað við núverandi samfélagskipan, er ekki líkleg til vinsælda þar sem hluti samfélagsins vinnur langan vinnudag fyrir lág laun og er kannski ekki alveg tilbúinn til að setta sig við að aðrir vinni ekkert en fái jafnvel sambærilega upphæð sér til framfærslu.

Fréttabréf AFLs hefur á síðustu vikum verið að velta fyrir sér

vinnumarkaði framtíðarinnar og ljóst er að mikil tæknibylting er að ganga yfir og aukin sjálfvirkni á flestum sviðum gæti leitt til mikilla breytinga á vinnumarkaði.

Óbreytt framleiðsla gæti hæglega innan fárra ára þurft mun færri vinnustundir en nú og þannig losað um fjölda launafólks. Í gegnum tíðina – allt frá fyrstu iðnbyltingu hefur óttinn um atvinnuleysi í kjölfar tæknibreytinga ekki ræst að neinu verulegu leyti heldur hefur hagvöxtur kallað á nýjar atvinnugreinar og nýjar framleiðsluvörur.

Á Íslandi sjáum við þetta best í því að á síðustu 20 árum hefur starfsfólki við sjávarútveg og landbúnað fækkað um yfir 10.000 ársstörf en án atvinnuleysis því aðrar atvinnugreinar hafa gripið þetta fólk.

Það er hins vegar spurning hvað við getum borðað margar pizzur, látið klippa okkur oft eða skipt oft um eldhúsinnréttingar og því hversu lengi mun neyslan halda áfram að aukast þannig að hagræðingin skili sér í nýjar greinar.

Það hlýtur og að vera umhugsunarefni hvort láta eigi eigendur fyrirtækjanna eina njóta hagræðingarinnar og hvort fyrirtæki geti þá sett starfsfólkið út og keyrt á sjálfvirkum búnaði, notað landgæði og orku, en íbúar samfélagsins standi utan dyra atvinnulaust – eða hvort við beitum samtakamætti til að skattleggja sjálfvirknina þannig að unnt verði að stytta vinnudag og jafnvel greiða borgaralaun. Þ.e. laun fyrir að gera ekki neitt.

Sálfræðiþjónusta

Á aðalfundi í vor var samþykkt að beina því til stjórnar félagsins að Sjúkrasjóður tæki þátt í sálfræðikostnaði félagsmanna.

Stuðningur félagsins getur numið allt að 35.000 kr. á 24 mánaða tímabili eða 50% af kostnaði 6 viðtalstíma hjá sálfræðingi.

Að sögn Sigurbjargar Kristmundsdóttur, umsjónarmanns Sjúkrasjóðs félagsins, hafa félagsmenn tekið við

sér og nokkrir þegar fullnýtt sér rétt sinn. Þó hafa innan við 20 umsóknir vegna sálfræðiþjónustu borist hingað til en búast má við að þeim fjölgi talsvert þegar vetrar.

Niðurgreiðsla félagsins gildir einungis um félagsmanninn sjálfan en ekki þjónustu sem aðrir fjölskyldumeðlimir kunna að þurfa og aðeins fyrir þjónustu sem er veitt eftir 1. maí 2017.



Kjaramál

Eru átök á vinnumarkaði fram undan?

Í febrúar næstkomandi þarf samninganefnd Alþýðusambandsins að taka ákvörðun um það hvort kjarasamningum verði sagt upp með vísan til forsenduákvæðis – en samningarnir eiga að gilda fram til 2019. Í raun voru allar forsendur til að segja upp samningum í febrúar 2017 en þá gerði samninganefnd Alþýðusambandsins samkomulag við framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins um að fresta „forsendudegi“ um ár til að gefa aðilum tækifæri til að vinna úr þeirri stöðu sem skapaðist m.a. með ákvörðun gerðadóms og kjararáðs.

Samninganefnd Alþýðusambandsins er skipuð forseta sambandsins, formönnum landssambanda og formönnum stærstu félaga innan ASÍ, s.s. Eflingar og VR.

Alþýðusambandið hefur reynt allt frá 2013 að koma á samræmdri launastefnu sem byggir á því að fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni semji um launaramma sem aðrir kjarasamningar verði síðan innan. Þessi rammi hefur ítrekað verið rofinn í samningum ríkis- og sveitarfélaga, með gerðadómi í kjaradeilu hjúkrunarfræðinga og ekki síst með ákvörðunum kjararáðs sem úthlutaði æðstu embættismönnum og alþingismönnum verulegar hækkningar umfram það sem almennt launafólk hefur notið.

Þetta þýðir í raun að almennt launafólk í framleiðslugreinum situr eftir á meðan hálaunagreinar sækja sér verulega meiri hækkningar.

Þeim forsendubrestum sem þegar hafa orðið til viðbótar má telja að komandi kjarasamningar ríkis og sveitarfélaga á haustmánuðum muni hafa veruleg áhrif á afstöðu Alþýðusambandsfélaga í vetur. Samningar 18 félaga innan BHM eru lausir í haust en í síðustu vinnudeilu BHM skar gerðardómur úr deilunni eftir hörð verkfallsátök. Gerðardómur var þá mun rausnarlegri en almennir kjarasamningar. Þá eru og lausir í haust samningar framhaldsskólakennara og grunnskólakennara. Þessu til viðbótar má nefna að samningar flugmanna og flugvirkja eru lausir í vetur – en síðast þegar flugmenn sömdu var farið með samninginn sem mannsmorð því hann var svo verulega betri en almennu launafólki flugfélaganna stóð til bóða.

Alls eru um 20.000 launþegar með lausa samninga nú í haust.

Fjölmennustu samböndin funda í október

Bæði forseti Alþýðusambandsins og aðrir forystumenn í verkalyðshreyfingunni hafa margítrekað í viðtölum að forsendur nógildandi kjarasamninga séu brostnar. Það má því búast við að samningum verði sagt upp í febrúar og þá komi til deilna á vinnumarkaði.

Næstu launahækkningar í almennum kjarasamningum yrðu að óbreyttu í maí 2018 og væru þá 3% hækkun. Komi til þess að samningum verði sagt upp kemur sú hækkun ekki til framkvæmda.

Verkalýðshreyfingin býr sig nú undir veturinn og hefur Starfsgreinasamband Íslands boðað til þings 11. og 12. október og Landssamband íslenskra verslunarmanna 13. og 14. október. Þetta eru tvö fjölmennustu sambönd innan Alþýðusambandsins og skipta því niðurstöður þessara þinga miklu máli.

Nýkjörinn formaður VR, Ragnar Ingólfsson, fer fyrir fjölmennum hópi þingfulltrúa VR og verður því



Frá atkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning sjómanna í byrjun árs.

áhrifamikill hvað varðar niðurstöður þings LÍV. Ragnar hefur verið gagnrýninn á forystu Alþýðusambandsins og því líklegur til að færa fram nýjar áherslur. Verslunar- og skrifstofudeild AFLs er ekki ýkja fjölmenn og á félagið því aðeins einn fulltrúa á þinginu.

AFL Starfsgreinafélag er hins vegar eitt af stærri félögum landins innan Starfsgreinasambandsins og á því 11 fulltrúa á þingi sambandsins. Stjórnir deildanna velja þingfulltrúa í þessari viku. Þá hélt Samiðn – samtök iðnfélaga – miðstjórnarfund í síðustu viku og Sjómannasambandið hefur boðað til formannafundar í nóvember.

Skattbyrði láglunafólks hefur hækkað mest

Í nýlegri skýrslu hagdeildar Alþýðusambandsins er skattbyrði skoðuð eftir tekjuhópum. Í ljós kemur að skattbyrði ríkasta fólksins hefur hækkað um 5% frá 1998, skattbyrði efri hluta millilaunafólksins hefur hækkað um 9%. Skattbyrði lægri millilaunahópa hefur hækkað um 14% en skattbyrði lægst launaða fólksins hefur hækkað um 25%.

1998 var láglunafólk með neikvæða skattbyrði – þ.e. fékk stuðning í gegnum vaxtabótakerfi og barnabætur þannig að skattbyrði þeirra var -23%. Í dag er búið að fara með þessi millifærslukerfi þannig að lægst launaða fólkið er nettóskattgreiðendur með 2% skattbyrði.


Það er sambærilegt við að stærstur hluti ávinnings kjarasamninga hafi verið hirtur nokkurn veginn jafnóðum af ríkisvaldinu og í buddu láglunafólks vanti nú ca. 100.000 krónur á mánuði ef borið er saman við 1998.

Undirbúningur AFLs fyrir veturinn

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, segist telja líklegt að Trúnaðarráð félagsins verði boðað til fundar öðru hvoru megin við áramót til að fara yfir stöðuna. Í trúnaðarráði eiga sæti 45 aðal- og varamenn auk stjórnar og varastjórnar félagsins alls 63 félagsmenn.

Fram undan er vinnufundur stjórnar þar sem einnig allir varamenn eru boðaðir og verða kjaramál væntanlega fyrirferðarmikil á dagskrá fundarins auk þess sem Hjördís á von á að heimsækja stærri vinnustaði í vetur til að ræða framvindu kjaramála.

Það er venja að boðað er til formannafundar ASÍ í janúar þegar forsenduákvæði eru að virkjust og eru samþykktir formannafunda til leiðbeininga fyrir samninganefnd Alþýðusambandsins.



Sjálfvirkni á vinnustöðum hjálpaði Trump

Ný rannsókn frá Oxfordháskóla bendir til þess að aukin sjálfvirkni á vinnustöðum hafi átt sinn þátt í því að Donald Trump var kjörinn forseti Bandaríkjanna síðasta haust. Í könnuninni var horft eftir því hvort hópar, sem orðið hefðu undir í baráttunni við tæknina, væru líklegri en aðrir til að kjósa pólitískar breytingar. Niðurstöðurnar voru þær að líklegra var að Trump yrði kosinn á svæðum þar sem tæknivæðing hefði tekið yfir fjölda starfa en annars staðar. Skýrsluhöfundar telja að þar með séu komnar fram sannanir fyrir sterkum áhrifum sjálfvirkinnar á stjórnmal. Hún sé ein af rótum popúlístaflokka í Bandaríkjunum, Evrópu og víðar. Hætta sé á frekari óróleika í stjórnmalunum með frekari tækniþróun nema ágóðanum af tæknibyltingunni sé deilt jafnar. Talið er að 47% starfa á bandarískum vinnumarkaði geti horfið í hendur tækninnar á næstu árum.

Þriðjungur sér tækifæri

Einn af hverjum þremur einstaklingum á vinnumarkaði telur að gervigreind muni fjölga störfum í framtíðinni. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri alþjóðlegri könnun CCS Insight. Þeir yngri eru bjartsýnni en þeir eldri.

Helmingur svarenda telur að gervigreindin hafi áhrif á störf þeirra á næstu þremur árum og 70% á næsta áratug. Svarendur töldu gervigreindina nýttast best við að leysa af hólmi leiðinleg störf og auka framleiðni. Tækninni er hins vegar enn vantreyst auk þess sem skilning skortir á hvernig hún virkar. Þetta tvennt er helst talið hægja á innleiðingu tækninnar.

Trúnaðarmannanámsskeið AFLs

Næsta trúnaðarmannanámsskeið AFLs Starfsgreinafélags verður haldið 9.-10. nóvember nk. Stefnt er að því að halda námskeiðið miðsvæðis á félagssvæðinu, þ.e. Djúpvogi eða Breiðdal.

Námskeiðið verður „verkstæðisnámskeið“ og verður lögð áhersla á verkfæri trúnaðarmannsins – þ.e. túlkun ýmissa ákvæða kjarasamninga og farið dýpra í ýmis atriði s.s. uppsagnarfrest, veikindarétt, form uppsagnarbréfa. Farið verður í reglur er gilda um talningu veikindadaga, útreikning á starfshlutfalli í mismunandi starfsumhverfi. Þá verður farið náið í frítökurétt og reglur um hann.

Að sögn Gunnars Smára Guðmundssonar, sem annast samskipti félagsins við trúnaðarmenn, verður lögð áhersla á gott umhverfi og atlæti á námskeiðinu sem stendur í tvo daga að þessu sinni. Að sjálfsögðu mun félagið sjá trúnaðarmönnum fyrir gistingu og næringu meðan á námskeiðinu stendur.

Gunnar sagði að venjulega mæti 20-25 trúnaðarmenn á hvert námskeið en næsta námskeið á eftir þessu verður ekki fyrir en í mars á næsta ári. Þetta er að sögn Gunnars ákjósanlegur fjöldi á hvert námskeið þannig að óski fleiri trúnaðarmenn eftir að komast á námskeið verður bætt við námskeiðum.

Alls eru tæplega 80 trúnaðarmenn félagsins starfandi á vinnustöðum á félagssvæðinu og mættu þeir vera fleiri því allt of margir vinnustaðir eru án trúnaðarmanna. Skýringin er að hluta hversu margir vinnustaðir eru fámennir – en rétt til að kjósa trúnaðarmann öðlast launafólk ekki fyrir en 5 starfsmenn eða fleiri eru á vinnustaðnum.



Vinnuhópur að störfum á trúnaðarmannanámsskeiði.

Eins hefur stundum gengið illa að fá einhvern til að taka þetta starf að sér en mjög mikilvægt er fyrir vinnustaði að þar sé dugmikill trúnaðarmaður.

Nánari upplýsingar um námskeiðið, svo og störf trúnaðarmanna almennt, gefur Gunnar en hann er með síma 4700 303 og netfang gunnar@asa.is

Ekknir 6400 km í vinnustaðaeftirliti

Vinnustaðaeftirlitsfulltrúar AFLs Starfsgreinafélags hafa farið nokkrar ferðir um félagssvæðið á síðustu mánuðum og alls heimsótt 140 fyrirtæki og rætt við yfir 800 launþega. Alls hafa þessar ferðir tekið 15 vinnudaga og starfsmennirnir hafa ekið á sjöunda þúsund km til að sinna þessu starfi.

Að sögn vinnustaðafulltrúa félagsins hefur þeim almennt verið vel tekið hjá fyrirtækjum. Í einu tilviki neitaði starfsmaður á byggingastað að ræða við þau. Einnig hafa tveir ferðapjónustuaðilar verið með leiðindi en fulltrúar okkar telja að það hafi mögulega verið að hluta vegna skilningsleysis viðkomandi.

Vinnustaðaeftirlit Alþýðusambandsfélaganna byggir á lögum 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Tilgangur laganna og eftirlitsins er að vinna gegn svartri atvinnustarfssemi og undirboðum á vinnumarkaði

– t.d. gegn vinnu sjálfboðaliða í störfum sem samið hefur verið um í kjarasamningum.

Eftirlit Starfsgreinafélags hefur aðallega beinst að ferðapjónustufyrirtækjum og byggingariðnaðinum. Torvelt hefur verið að heimsækja skemmtistaði og er unnið að því að koma skipulagi á það.

Fulltrúar AFLs fara ýmist tveir saman í eftirlitsferðir en stundum hafa starfsmenn Ríkisskattstjóra verið með í för og oft starfsmaður Vinnumálastofnunar.

Fulltrúar félagsins skilja síðan eftir bæklinga á ensku og pólsku og íslensku um réttindi á vinnumarkaði og réttindi félagsmanna verkalyðsfélaga. Komum einstaklinga á skrifstofur félagsins hefur fjölgað verulega eftir að eftirlitið hófst og reynir AFL að gæta hagsmuna allra starfsmanna sem eru við vinnu á samningssviði félagsins og á er brotið.

Viðhorfskönnun AFLs og Einingar

Á næstu vikum mun Gallup gera viðhorfskönnun fyrir AFL og Einingu eins og síðustu ár. Sú nýlunda verður að þessu sinni að könnunin verður aðgengileg á ensku og pólsku auk íslensku og standa vonir til að svarhlutfall muni aukast við það.

Alls eru tekin um 1.800 manna úrtök úr félagaskrá hvors félags og sent á alla sem koma í úrtak. Síðustu ár hefur svarhlutfall verið milli 50 og 60%.

Þeim sem lenda í úrtakinu er boðið að svara könnuninni á netinu eða að fá símtal og svara spyrli frá Gallup. Æskilegt er að vera með síðasta launaseðil við hendina því spurt er um dagvinnulaun, heildarlaun og vinnutíma meðal annars.

Síðustu ár hefur vakið athygli að nokkur hluti svarenda hefur svarað því til að viðkomandi hafi ekki fengið launahækkanir á liðnu ári. Þar sem ekki er unnt að rekja

svör til einstaklinga hefur ekki verið hægt að kanna hvert tilvik en samkvæmt samandregnum niðurstöðum kannananna virðist sem stór hluti þessara einstaklinga hafi unnið við umönnunarstörf og þá hjá sveitarfélögum.

Athuganir hafa síðan leitt í ljós að sveitarfélögin hafa staðið við kjarasamninga þannig að sennilegt er að viðkomandi hafi hreinlega ekki borið saman laun í janúar við laun þegar könnunin er gerð – eða jafnvel hafið störf eftir að launahækkun ársins varð.

AFL vill hvetja félagsmenn til að bregðast vel við erindi Gallups og svara könnuninni. Eins og síðustu ár þá verður dregið úr svörum að könnun lokinni og einn félagsmanna AFLs og Einingar fær 100.000 kr. vinning, annar 50.000 kr. vinning og loks verða 10 vinningar með dvöl í orlofshúsi/-íbúð dregnir út.



Vélmennin eiga að borga skatta

Bill Gates, stofnandi Microsoft-tölvurísans, telur að ríkisstjórnir eigi að skattleggja notkun fyrirtækja á vélmennum. Það gagnist að minnsta kosti til að hægja á sjálfvæðingunni og nýttist til að kosta önnur atvinnutækifæri. Gates telur þörf á þessu þar sem

ekki sé hægt að búa til ný störf jafnhvort og þau gömlu hverfi í hendur tækninnar.

Verkalýðsfélögin verða að vera á tánum

Fulltrúar alþjóðlegra verkalýðsfélaga funduðu nýverið með sérfræðingum frá háskólanum í Oxford til að ræða möguleg áhrif tæknibreytinga á vinnandi fólk. Fundurinn nýttist verkalýðsfélögunum til að fá álit sérfræðinga af ýmsum sviðum á þætti sem hafa munu áhrif á skjólstæðinga þeirra á næstu

árum sem og fyrir sérfræðingana til að lýsa skoðunum sínum á þeim áskorunum sem fram undan eru fyrir vinnandi fólk og verkalýðsfélög. Réttindi verkafólks gagnvart vinnumiðlunum á netinu voru ofarlega á efnisskránni, áhrif tækninnar á fólk sem starfar við umönnunarstörf.

Eric Beinhocker frá háskólanum sagði fundarmönnum að verkafólk yrði aftur að færast inn í þungamiðju hagkerfa ríkja og verkalýðsfélög verði að skoða hvernig þau geti höfðað til vaxandi fjölda sem

starfi sjálfstætt og hafi í raun engan veikindarétt eða lífeyri.

Opinber þjónusta án starfsfólks

Ríkisstjórn Sáði-Arabíu og japanska tæknifyrirtækið Softbank hafa komið á fót tæknipróunarsjóði sem í eru 100 milljarðar dollara, eða 10,6 billjónir íslenskra króna. Markmiðið er meðal annars að þróa vélmenni sem nýttast í daglegu lífi. Sáði-Arabía opnaði nýverið stóra ómannaða afgreiðslu fyrir margvíslega opinbera þjónustu.